

Heimildin, 21.02.2025, síða 48.
grein stærð: 422.99 sm2
grein hæð: 19.24 sm

Myndlist

Frumkvæði kvenna í íslenskri myndlist

Hvar? Kjarvalsstaðir **Hvenær?** Laugardagur, 22. febrúar, kl. 15.00 **Verð?** Ókeypis

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir opnar sýninguna Ólga: Frumkvæði kvenna í íslenskri myndlist á 9. áratugnum, á Kjarvalsstöðum á laugardag. Um er að ræða samsýningu sem fjallar um afgerandi hlutverk kvenna í mótun íslenskrar listasenu á miklum umbreytingatímum níunda áratugs liðinnar aldar. Á sýningunni er leitast við að skoða flókið tengslanet, sterkan vef og djarft frumkvæði kvenna sem einkenndi þennan tíma listrænnar nýsköpunar. Sýningin Ólga er afrakstur árslangrar rannsóknarvinnu þar sem áhersla hefur verið lögð á samtöl við listamenn og leit að óþekktum verkum.

Listamenn sem eiga verk á sýningunni eru Ásta Ólafsdóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Erla Þórarinsdóttir, Gerla – Guðrún Erla Geirsdóttir, Harpa Björnsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Rúna Þorkelsdóttir, Rúrí og Svala Sigurleifsdóttir. Sýningarstjóri er Becky Forsythe.

Á meðan Ísland gekk í gegnum verulegar félagslegar og menningarlegar breytingar, stigu konur fram sem róttækar raddir, sigldu inn í og mótuðu listheim sem var að mestu leyti karllægur. Með samstöðu og sameiginlega sýn á lofti ruddu þær nýjar brautir í tjáningu, frá gjörningum til hugmyndalista, og endurskilgreindu listhugtakið. Ólga varpar ljósi á samvinnu og tengslanet þessara listakvenna, gagnkvæman stuðning og ástríðu, en þær sprengdu upp fyrir fram gefnar væntingar um leið og þær lögðu grunn að nýrri framtíðarsýn.

Samhliða sýningunni verður gefin út bók sem fjallar ítarlega um sögurnar á bak við listina og listumhverfi þessa tíma. Hún inniheldur rannsóknargreinar Becky Forsythe sýningarstjóra og Heiðu Bjarkar Árnadóttur listfræðings. Í bókinni eru viðtöl við listakonur, myndir af listaverkum og heimildir sem bregða ljósi á tengslanetin og samböndin sem nærðu tímabilið. Með útgáfunni er ætlunin að varðveita og heiðra framlag þessara brautryðjenda og sýna fram á hvernig verk þeirra halda áfram að hljóma og veita innblástur.



Föstudagur
21. febrúar

- **Vetrarfrí: Dýrin okkar eftir 100 ár**
  13–17 Ljósmyndasafn Reykjavíkur
- **GDRN**
  20.00 Bæjarbíó
- **Floni 3 – Útgáfutónleikar**
  21.00 Listasafn Reykjavíkur

Laugardagur
22. febrúar

- **Opnun: Sköpun bernskunnar 2025 og Margskonar**
  15.00 Listasafnið á Akureyri
- **Opnun: Sólbjört Vera og Hrafnkell Tumi**
  17.00 Kling & Bang
- **Kyn / Líf – Uppistand með Sindra „Sparkle" Frey**
  17.30 Tjarnarbíó
- **Tómas og við – Diddú, Örn Árna og Jónas Þórir**
  20.00 Salurinn

Sunnudagur
23. febrúar

- **Tíbrá – Tímans kviða**
  13.30 Salurinn
- **Ólöf Arnalds fagnar Góu á konudaginn**
  20.00 Kornhlaðan

Mánudagur
24. febrúar

- **Bolla, bolla! – Búðu til bolluvönd**
  10–12 Sjóminjasafnið í Reykjavík
- **Listasmiðjur í vetrarfríinu: Sparibaukasmiðja**
  11.00 Höfuðstöðin
- **Stólajóga**
  12.00 Bókasafn Kópavogs

Þriðjudagur
25. febrúar

- **Vetrarfrí: Blæjumaraþon í sundlauginni**
  11.00 Ásvallalaug
- **Hvað segja vísindi sálfræðinnar um hið góða líf? – Helga Arnardóttir frá lýðheilsusviði Landlæknis**
  12.00 Hallgrímskirkja

Miðvikudagur
26. febrúar

- **Múlinn Jazzklúbbur: Jazzkvartett Ásgeirs Ásgeirssonar**
  20.00 Harpa

Fimmtudagur
27. febrúar

- **Pokémondagurinn**
  16.00 Borgarbókasafnið Spönginni